

# STJÓRNARTÍÐINDI B 2 – 1994

Nr. 3

4

5. janúar 1994

## AUGLÝSING

### um verðjöfnunargjald á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur.

#### 1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu verðjöfnunargjald af súkkulaði, brauði, kexi og kökum í samræmi við upptalningu tollskrárnúmera í neðangreindri gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á sem krónur á kíló. Þó skal samanlagður tollur og verðjöfnunargjald aldrei vera hærra en 46% af tollverði vöru í vörulíðum 1806 og 1901, og aldrei hærra en 37% af tollverði vöru í vörulíð 1905.

Tollskrárnúmer	kr. / kg.	Tollskrárnúmer	kr. / kg.
1806.2009	49	1901.2018	7
1806.3101	51	1901.2019	4
1806.3109	51	1901.2022	58
1806.3202	49	1901.2029	74
1806.3203	19	1905.2000	51
1806.3209	19	1905.3011	20
1806.9002	16	1905.3019	16
1806.9003	48	1905.3021	49
1806.9005	55	1905.3029	29
1806.9006	48	1905.3030	11
1806.9007	49	1905.4000	23
1806.9009	49	1905.9011	63
1901.2012	35	1905.9019	7
1901.2013	24	1905.9020	4
1901.2014	49	1905.9040	58
1901.2015	11	1905.9090	74
1901.2016	23	2104.1003	4
1901.2017	63	2104.1004	4

#### 2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu verðjöfnunargjalds skulu ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

## 3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu verðjöfnunargjalds samkvæmt þessari auglýsingu og standa skil á því í ríkissjóð eftir fyrir mælum sem fjármálaráðuneytið setur, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

## 4. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 120. gr. A tollalaga nr. 55/1987, sbr. lög nr. 18/1993, skal taka gildi þegar í stað og gildir til 31. janúar 1994. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 438/1993.

*Fjármálaráðuneytið, 5. janúar 1994.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

---

*Ingibjörg Þorsteinsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um innheimtu markaðsgjalds á árinu 1994.

## 1. gr.

Markaðsgjald sem lagt er á veltu atvinnufyrirtækja, eins og hún er skilgreind skv. 11. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, að meðtalinni veltu sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 12. gr. þeirra laga, skal greitt á tíu gjalddögum á árinu 1994. Er gjalddagi fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.

## 2. gr.

Þar til álagning ársins 1994 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Fyrirframgreiðslan skal nema á hverjum gjalddaga 10% af reiknuðu gjaldi af veltu tímabilsins 1. nóvember 1992 – 31. október 1993, sbr. 3. gr. laga nr. 114/1990, með síðari breytingum og ákvæði til bráðabirgða II við þau lög.

## 3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á markaðsgjaldi sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 1994 skv. 2. gr.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskýldunnar.

## 4. gr.

Um greiðslur markaðsgjalds á árinu 1994 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII, kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.